

Lagaramminn um viðkvæmar persónuupplýsingar

Þórður Sveinsson

Rauðárstíg 10

105 Reykjavík | Ísland

Sími 510 9600 | Fax 510 9606

postur@personuvernd.is

www.personuvernd.is

Lög nr. 77/2000

- Við meðferð upplýsinga um einstaklinga ber að fara að lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga
 - Tilskipun 95/46 liggur lögum nr. 77/2000 til grundvallar
- Lög nr. 77/2000 gilda um *vinnslu persónuupplýsinga* (1. mgr. 3. gr.)
 - Handvirk vinnsla fellur aðeins undir lögin ef um ræðir skrá

Tvö grundvallarhugtök

- Persónuupplýsingar:
 - „Sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi.“ (1. tölul. 2. gr.)
- Vinnsla:
 - „Sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn.“ (2. tölul. 2. gr.)

Almennar og viðkvæmar persónuupplýsingar

- Gerður greinarmunur á almennum og viðkvæmum persónuupplýsingum
- Strangari kröfum þarf að vera fullnægt svo að vinna megi með viðkvæmar persónuupplýsingar

Heimild til vinnslu

- Nóg að fullnægja einhverju skilyrða 8. gr. laga nr. 77/2000 til að mega vinna með almennar persónuupplýsingar:
 - Dæmi: Samþykki, nauðsyn vegna samnings eða lögmætir hagsmunir sem vega þyngra en hagsmunir hins skráða
- Séu upplýsingar viðkvæmar þarf einnig að vera heimild í 9. gr. laganna
 - Dæmi: Upplýst samþykki, sérstök lagaheimild, nauðsyn vegna réttarkröfu eða nauðsyn vegna heilbrigðisþjónustu

Hvað eru viðkvæmar persónuupplýsingar?

Tæmandi upptalning 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000:

- Upplýsingar um uppruna, litarhátt, kynþátt, stjórnmalaskoðanir, svo og trúar- eða aðrar lífsskoðanir
- Upplýsingar um hvort maður hafi verið grunaður, kærður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað
- Upplýsingar um heilsuhagi, þar á meðal um erfðaeiginleika, lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun
- Upplýsingar um kynlíf manna og kynhegðan
- Upplýsingar um stéttarfélagsaðild

Upplýsingar um félagsleg vandamál o.fl.

- Upplýsingar um félagsleg vandamál, hjónaskilnaði, ættleiðingar og sambærileg atriði í raun í einhvers konar milliflokki
 - Strangari kröfur gerðar til öryggis en ella
 - Getur þurft leyfi frá Persónuvernd, einkum vegna rannsókna (sjá 6. gr. reglna nr. 712/2008)
 - Sjá Hæstaréttardóm 1968:1007 (Læknatal)

Sérstök athugunarefni

- Hvers vegna stéttarfélagssupplýsingar?
- Af hverju ekki upplýsingar um félagsleg vandamál eða annað sambærilegt?
 - Upplýsingar um félagsleg vandamál viðkvæmar samkvæmt eldri lögum nr. 121/1989
 - Upptalning eldri laga á viðkvæmum persónuupplýsingum var ekki tæmandi

Fjárhagsupplýsingar

- Hvað með fjárhagsupplýsingar?
 - Eru ekki viðkvæmar persónuupplýsingar
 - Geta hins vegar þurft sérstakrar verndar við
 - Geta verið þess eðlis að þær megi nýta til að koma höggi á einstakling eða hafa af honum fé
 - Stundum hefur safn fjármálaupplýsinga að geyma viðkvæmar persónuupplýsingar, t.d. um heilsuhagi og áfengisneyslu (upplýsingar um einstakar kortafærslur)

Öryggi

- Samkvæmt 11.–13. gr. laga nr. 77/2000 skal:
 - Gera nægar öryggisráðstafanir
 - Skjalfesta upplýsingaöryggi (öryggisstefnu, áhættumat og lýsingu á öryggisráðstöfunum)
 - Semja skriflega við vinnsluaðila (þ.e. þjónustuaðila sem falin er vinnsla persónuupplýsinga)
 - Viðhafa innra eftirlit
- Kröfur fara eftir áhættu af vinnslu og eðli gagna

Öryggi

- Markmið upplýsingaöryggis
 - Leynd gagnvart óviðkomandi
 - Upplýsingar séu réttar
 - Aðgengi þeirra sem þurfa
- Vægi, sem einstök markmið upplýsingaöryggis hafa innbyrðis, fer eftir eðli upplýsinga
 - Dæmi: Upplýsingar í sjúkraskrá

Varðveislutími o.fl.

- Gæta þarf að varðveislutíma og áreiðanleika (sjá 7., 25. og 26. gr. laga nr. 77/2000)
 - Upplýsingar má ekki varðveita lengur en nauðsynlegt er
 - Sjá lög nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands
 - Skylda til leiðréttingar rangra og villandi upplýsinga

Tölvuský

- Sérstök álitæfni varðandi upplýsingar sem varðveittar eru í tölvuskýjum
 - Er til dæmis hægt að ganga úr skugga um að vinnsluaðili framfylgi öllum öryggisráðstöfunum eða að upplýsingar séu hvergi til staðar eftir skipun um eyðingu?
- Einnig reynir á reglur um flutning persónuupplýsinga úr landi

Sjá 30. gr. laga nr. 77/2000

Tölvuský


- Umfjöllun um vinnslu persónuupplýsinga í tölvuskýjum:
 - Álit nr. 5/2012 um tölvuský frá vinnuhópi samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/EB
 - Álit dönsku persónuverndarstofnunarinnar (Datatilsynet) frá 3. febrúar 2011 (mál nr. 2010-52-0138) um notkun Óðinsvéa á tölvuskýi fyrir upplýsingar um grunnskólanemendur, þ. á m. um heilsuhagi og félagsleg vandamál

Þagnarskylda í heilbrigðiskerfinu

- Rík þagnarskylda heilbrigðisstétta
 - Má líkja sambandi sjúklings og heilbrigðisstarfsmanns við lokað rými þaðan sem engar upplýsingar berast út?
 - Eða er heilbrigðisstarfsmaðurinn gátt inn í heilbrigðiskerfið þannig að upplýsingar verði aðgengilegar öðrum heilbrigðisstarfsmönnum?
 - Sjá lög nr. 55/2009 um sjúkraskrár




Persónuvernd





Persónuvernd

Andre
sektorer.



Upplýsingar um refsiverða háttsemi

- Sakaskrá og málaskrá lögreglu
 - Strangar reglur um aðgang (sjá 227. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála)
 - Hvað með aðgang vegna atvinnuumsókna?
 - Sérreglur um sakaskrá samkvæmt 36. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og 3. mgr. 10. gr. æskulýðslaga nr. 70/2007
 - Upplýsingar hjá lögreglu undanþegnar ýmsum ákvæðum laga nr. 77/2000 (2. mgr. 3. gr.)
 - Sjá hins vegar verndarákvæði í reglugerð nr. 322/2001



Persónuvernd

?